

Ályktunartillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um útvistun heilbrigðiseftirlits

Borgarstjórn skorar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að gera viðeigandi breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og eftir atvikum öðru regluverki sem snýr að heilbrigðiseftirliti, svo sveitarfélögum gefist kostur að bjóða út lögbundið heilbrigðiseftirlit.

Greinargerð

I. Inngangur

Að undanförunu hefur töluvert verið fjallað um samskipti veitingamanna við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Allar bera frásagnirnar að sama brunni; leiðbeiningar eru veittar treglega, biðtími eftir leyfum er langur, svartími fyrirspurna óreglulegur og þjónustan óvinveitt. Heilbrigðiseftirlitið gangi hart fram gagnvart umsækjendum og beiti matskenndum túlkunum á regluverki. Allt leiði það af sér gríðarlegar tafir við opnun veitingahúsa með tilheyrandi kostnaði og óvissu. Segja veitingamenn samskiptin við heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur óvinveittari og ósveigjanlegri en samskiptin við heilbrigðiseftirlit annarra sveitarfélaga.

Gagnrýnin er ekki ný af nálinni en hún hefur verið ávörpuð í fjölmörgum skýrslum síðustu árin en lítið verið gert til að ráðast í heildstæðar breytingar á eftirlitskerfinu. Í október 2023 skilaði starfshópur á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skýrslu um framkvæmd heilbrigðiseftirlits hérlandis. Komst hópurinn að þeirri niðurstöðu að gagngerra breytinga væri þörf á eftirlitinu; enda væri stjórnsýslan flókin og ósamræmi í framkvæmd mikið, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum fyrir atvinnulíf og samkeppnishæfni Íslands. Töldu skýrsluhöfundar mögulegt að einfalda kerfið verulega, draga úr kostnaði og bæta þjónustu.

II. Flókið regluverk, óskilvirkir ferlar og svífaseint eftirlit

Samtök iðnaðarins birtu greiningu á regluverki og eftirliti hins opinbera í janúar 2024. Af greiningunni mátti ljóst vera að stjórnendur fyrirtækja innan raða Samtaka iðnaðarins töldu regluverk hins opinbera verulega flókið, ferla óskilvirka, fyrirsjáanleika lítinn, eftirlit svífaseint, kröfur gjarnan óhóflegar og tilheyrandi kostnað gríðarlegan. Samtökin lögðu könnun fyrir stjórnendur fyrirtækjanna en í niðurstöðum sagði m.a. um opinbert eftirlit:

„Tímafrestir ekki virtir í málsmeðhöndlun. Leyfisveitingaferillinn þyngstur í vöfum. Gríðarlegur kostnaður legið í töfum vegna þessa hjá fyrirtækjum okkar á undanförunum árum. Enginn greinarmunur gerður á stórum eða litlum breytingum. Virðist allt enda í sömu skrifræðiskvörninni. Mikill ávinningur samfélagsins fólgin í einföldun regluverks og sér í lagi einföldun leyfisveitinga.“

Viðskiptaráð Íslands birti jafnframt úttekt á opinberu eftirliti í ágúst 2024. Sagði í úttektinni að fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits væri óþarflega flókið og takmarkað samræmi í framkvæmd eftirlits. Lagði Viðskiptaráð fram ýmsar tillögur til úrbóta, meðal annars þá að framkvæmdinni yrði útvistað til faggiltra skoðunarstofa. Þannig væri framkvæmd eftirlitsins á höndum einkaaðila, líkt og raunin er til að mynda með bifreiðaeftirliti. Með breyttu fyrirkomulagi mætti draga verulega úr óhagræði eftirlitsskyldra aðila án þess að slá af kröfum um öryggi og vernd neytenda.

III. Útvistun heilbrigðiseftirlits

Hérlandis má finna mörg dæmi þess að opinberu eftirliti hafi verið útvistað til faggiltra skoðunarstofa, svo sem eftirliti með ökutækjum, skipum, vinnuvélum, rafmagnsvörum og leikvöllum eða leikvallatækjum svo nokkur dæmi séu nefnd. Faggiltar skoðunarstofur hafa verið starfsræktar hér á landi frá árinu 1992 og um þær gildir skýr lagaumgjörð, sbr. lög nr.

24/2006. Á ákveðnum sviðum opinbers eftirlits er það nánast að öllu leyti í höndum slíkra aðila en faggiltar skoðunarstofur hafa af einhverjum ástæðum mun þrengra hlutverk á grundvelli matvælalaga og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfshópur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ávarpaði útvistun heilbrigðiseftirlits í skýrslu sinni. Sagði hópurinn tilefni til þess að ráðuneytið leitaði eftir reynslu annarra ráðuneyta og stofnana af fyrirkomulagi útvistunar opinbers eftirlits. Skoraði hópurinn á ráðuneytið að taka afstöðu til útvistunar heilbrigðiseftirlits til faggiltra skoðunarstofa sem reknar væru af einkaaðilum og vottaðar í samræmi við ákvæði laga um faggildingu o.fl. nr. 24/2006.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja útvistun heilbrigðiseftirlits geta haft margvíslega kosti í för með sér. Líkur benda til þess að skilvirkni og málshraði muni aukast við útvistun eftirlitsins. Einkaaðilar starfa á markaði og eru að fullu háðir árangri í störfum, ólíkt stofnunum sem njóta opinberra fjárveitinga án tillits til afkasta. Auk þess getur útvistun falið í sér hagræði í opinberum rekstri, en ekki síst hagræði fyrir þá aðila sem eiga í samskiptum við heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur - því með bættri þjónustu, auknum málshraða og meiri skilvirkni má draga verulega úr þeim kostnaði sem óhjákvæmilega fellur til við hvers kyns tafir sem heilbrigðiseftirlit veldur við opnun veitingastarfsemi og annarrar eftirlitsskyldrar starfsemi í Reykjavík.

Með hliðsjón af ofanrituðu leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokks til við borgarstjórn, að skorað verði á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að gera viðeigandi breytingar á löggjöf og regluverki svo sveitarfélögum gefist kostur á að útvista lögbundnu heilbrigðiseftirliti.